

## Stjórnarfundur þriðjudaginn 13. ágúst 2019

Kl. 17:30 á skrifstofu Siðmenntar, Túngötu 14

**Mætt á fund:** Heiðrún Arna (verkefnastjóri BF), Inga Auðbjörg (formaður), Kristín Sævars, Margrét, Auður, Hope, Sveinn og Jens.

**Fundarritun:** Inga Auðbjörg

**Forföll:** Siggeir, vegna endajaxlatöku

### Fundargerð

#### 1. Borgaraleg ferming

- a. Nýr starfsmaður  
**Heiðrún Arna Friðriksdóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri borgaralegra ferminga frá og með 1. ágúst í hálfu starfi. Heiðrún kynnti sig. Hún tekur yfir öll verkefni er varða umsjón með skipulagningu ferminga.**
- b. Staða skráninga  
**Skráningar eru nú 268 sem er svipað og í fyrra. Ákveðið var að senda ekki út bækling en þess í stað lögð áhersla á kynningar á samfélagsmiðlum. Mjög góð skráning á Selfossi. Kynningarfundur verður sennilega haldinn 13. október í Háskólabíói.**
- c. Samningar  
**Til stendur að gera samninga við kennslustjóra og aðra leiðbeinendur. Það er í ferli hjá framkvæmdastjóra.**
- d. Annað  
**Hugmyndir um að bæta við Menntaskólanum í Kópavogi sem fræðslustað. Mönnun og útfærsla á kennsludögum gæti þó orðið flókið úrlausnar.**

#### 2. Alþjóðastarf næsta árið

- a. EHP ráðstefna í Brugge, Belgíu, 4.-6. október  
<http://www.humanistprofessionals.eu/congress/congress-2019/>  
**Ákveðið að senda 3-4, til dæmis fulltrúa starfsfólks, tvö úr athafnaráði og mögulega einhvern sem er áhugasamur um húmaníska ráðgjöf. Hugsanlega mætti auglýsa eftir áhugasömum um húmaníska ráðgjöf á Siðmenntarspjallinu.**
- b. Heimsping í Miami, 6.-9. ágúst 2020  
**Fá Siggeir til að taka saman helstu upplýsingar, eins og kostnað og slíkt ef þær eru fyrir hendi.**
- c. Óræð þjálfun í haust á vegum HI  
**Sagt frá óljósum hugmyndum HI um þjálfun í haust. Nánar síðar.**

### 3. Skrifstofuhúsnæði

- a. Þarfagreining og draumar  
**Framkvæmdastjóri fær það verkefni að kanna markaðinn og skoða möguleika sem eru í boði á markaðinum. Væri gott að hafa verð til hliðsjónar.**  
**Velt upp hinum ýmsu þáttum.**

### 4. Vísindaferðir

- a. Tíðni  
**Tökum við öllum sem spyrja eftir þessu.**
- b. Staðsetningar  
**Hallveigarstaðir, sé það tryggt að ekki sé neinn úr hópnum í hjólastól. Annars bara staðir sem eru aðgengilegir og á viðráðanlegu verði.**
- c. Fulltrúar  
**Áhersla lögð á að fá athafnarstjóra með í lið.**

### 5. Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál (frestað til 3. sept).

- a. Upplýsingar  
**Frestað, þar sem Siggeir var fjarstaddur.**

### 6. Viðburðir framundan

- a. John de Lancie  
**Hope segir frá stöðunni. Um að gera að búa til Facebookviðburð.**
- b. LÝSA?  
**Sleppum þátttöku í ár. En munum eftir því að vera með viðburði á Norðurlandi og öðrum landsbyggðum, og skoða það sérstaklega vel í samvinnu við félag og athafnastjóra á landsbyggðinni.**

### 7. Önnur mál

- a. Fulltrúar félagsins við Þingsetningu  
**Velt upp alls konar hugmyndum.**
- b. Framtíðarnefnd  
**Inga sendir póst.**

**Fundi slitið klukkan: 19:15**

**Næsti stjórnarfundur haldinn:**

03. september klukkan 17:30

**Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:**

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands